

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ár 2016, föstudaginn 28. október, var haldinn 157. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.00. Viðstödd voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Hallur Símonarson, Anna Margrét Jóhannesdóttir og Kristína Baldursdóttir frá innri endurskoðun Reykjavíkurborgar. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Petta gerðist:

1. Þróun launa, yfirvinnu og uppsetts afls frá árinu 2011.
Slökkviliðsstjóri fór yfir þróun launa, yfirvinnu og uppsetts afls hjá SHS á tímabilinu 2011-2016.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Minnisblað SHS; þróun launa, yfirvinnu og uppsetts afls frá árinu 2011, dags. 26. október 2016.Afgreiðsla: Kynning.
2. Kæra vegna Hvaleyrarbrautar
Slökkviliðsstjóri fór yfir atriði máls varðandi kæru eiganda húsnæðis við Hvaleyrarbraut í kjölfar lokunar SHS og byggingafulltrúa í Hafnarfirði á því.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Minnisblað og tilkynning – ákvörðun um lokun, dags. 17. ágúst 2016.
 - Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála; bréf vegna kæru ákvörðunar um lokun, dags. 22. september 2016.
 - Advel; gögn og athugasemdir, afrit minnisblaðs til úrskurðarnefndar, dags. 17. ágúst 2016.Afgreiðsla: Kynning.
3. Rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið
Slökkviliðsstjóri skýrði frá stöðu mála við gerð rýmingaráætlana fyrir höfuðborgarsvæðið.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Ríkislögreglustjóri; Rýmingaráætlanir fyrir höfuðborgarsvæðið, dags. 16. september 2016.
 - Minnisblað AHS; verkáætlanir fyrir rýmingar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 25. október 2016.Afgreiðsla: Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi verkáætlanir.
4. Lífeyrissjóðurinn Brú
Farið var yfir kostnað vegna hækkunar mótframlags vegna starfsmanna sem greiða í A-deild lífeyrissjóðsins Brúar.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Lífeyrissjóðurinn Brú; tilkynning um hækkun á mótframlagi launagreiðenda í A-deild Brúar, dags. 30. september 2016.Afgreiðsla: Kynning.
5. Markmið í loftslagsmálum
Loftslagsstefna SHS og markmið SHS í loftslagsmálum lögð fram til samþykktar.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Loftslagsstefna SHS, dags. 28. október 2016.Afgreiðsla: Loftslagsstefna SHS samþykkt og undirrituð.
6. Starfslokastefna
Lögð fram drög að endurnýjaðri starfslokastefnu.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Minnisblað SHS; starfslokastefna, dags. 24. október 2016.Afgreiðsla: Frestað.

7. Gjaldskrá SHS
Gjaldskrá SHS fyrir árið 2017 lögð fram til samþykktar.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Gjaldskrá SHS, dags. 16. september 2016.Afgreiðsla: Gjaldskrá samþykkt og undirrituð og verður send aðildarsveitarfélögum til staðfestingar.

8. Innri endurskoðun
Fulltrúar frá innri endurskoðendum Reykjavíkurborgar fóru yfir úttekt á innra eftirliti SHS sem framkvæmd var sl. vetur og innri endurskoðunaráætlun fyrir árið 2017.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Innri endurskoðun Rvk; úttekt á innra eftirliti, bréf til stjórnar, dags. 9. september 2016.
 - Innri endurskoðun Rvk; greinargerð v. innra eftirlits hjá SHS, dags. 9. september 2016.
 - Innri endurskoðun Rvk; innri endurskoðunaráætlun SHS 2017, dags. 26. október 2016.Afgreiðsla: Kynning.

9. Önnur mál
 - 9.1 Rekstrarúttekt á byggðasamlögunum.
Farið var yfir stöðu mála.
 - 9.2 Hópslys á Mosfellsheiði.
Sagt var frá viðbúnaði vegna alvarlegs rútuslyss sem varð á Mosfellsheiði 25. október sl.
 - 9.3 Staðsetning fyrir Tunguhálsstöðina.
Farið var yfir stöðu mála.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega 2016.

Fundi slitið klukkan 10.00

Dagur B. Eggertsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson

Gunnar Einarsson
Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson

Fylgiskjöl:

- Minnisblað SHS; þróun launa, yfirvinnu og uppsetts afls frá árinu 2011, dags. 26. október 2016.
- Minnisblað og tilkynning – ákvörðun um lokun, dags. 17. ágúst 2016.
- Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála; bréf vegna kæru ákvörðunar um lokun, dags. 22. september 2016.
- Advel; gögn og athugasemdir, afrit minnisblaðs til úrskurðarnefndar, dags. 17. ágúst 2016.
- Ríkislögreglustjóri; Rýmingaráætlanir fyrir höfuðborgarsvæðið, dags. 16. september 2016.
- Minnisblað AHS; verkáætlanir fyrir rýmingar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 25. október 2016.
- Lífeyrissjóðurinn Brú; tilkynning um hækkun á mótframlagi launagreiðenda í A-deild Brúar, dags. 30. september 2016.
- Loftslagsstefna SHS, dags. 28. október 2016.
- Minnisblað SHS; starfslökastefna, dags. 24. október 2016.
- Gjaldskrá SHS, dags. 16. september 2016.
- Innri endurskoðun Rvk; úttekt á innra eftirliti, bréf til stjórnar, dags. 9. september 2016.
- Innri endurskoðun Rvk; greinargerð v. innra eftirlits hjá SHS, dags. 9. september 2016.
- Innri endurskoðun Rvk; innri endurskoðunaráætlun SHS 2017, dags. 26. október 2016.